



**Menopur<sup>®</sup>**  
menotropin



# LEIÐBEININGAR FYRIR SJÚKLINGA

Menopur stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna

## Fyrir þig sem hefur fengið MENOPUR ávísað

Í þessum leiðbeiningum færðu upplýsingar um undirbúning Menopur áfyllta lyfjapennans svo að þú getir sprautað þig með lyfinu á réttan hátt.

Leitaðu ráða hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi ef þú ert með spurningar varðandi notkun Menopur.


**Fyrir fyrstu inndælingu** Menopur áfyllta lyfjapennans mun heilbrigðisstarfsfólk upplýsa þig um rétta aðferð við að sprauta þig með lyfinu.

**Lestu vandlega notkunarleiðbeiningarnar** sem fylgja með í pakkningunni áður en notkun Menopur áfyllta lyfjapennans er hafin.

### Mikilvægar upplýsingar um geymslu og notkun Menopur áfyllta lyfjapennans

- Má ekki frjósa.
- **Áður en lyfjapenninn er tekinn í notkun á að geyma hann í kæli (við 2°C - 8°C).**
- Eftir að lyfjapenninn er tekinn í notkun á að nota hvern áfylltan lyfjapenna innan 28 daga og geyma við lægri hita en 25°C.
- **Notaðu alltaf nýja einnota nál fyrir hverja inndælingu.**
- Geymdu lyfjapennann með pennahettunni á og án þess að nálin sé fest á.
- Ekki skal nota lyfjapennann eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiða lyfjapennans. Fyrningardagsetningin er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram („EXP“).
- Ekki geyma lyfjapennann við mikinn hita, beint sólarljós eða í miklum kulda, eins og í bíl eða frysti.
- Geymdu lyfjapennann þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## Samsetning MENOPUR áfyllta lyfjapennans



**Menopur áfyllti lyfjapenninn er fánlegur í tveimur mismunandi styrkleikum:**

- **600 a.e.**
- **1200 a.e.**

**Á eftirfarandi síðum finnur þú skref fyrir skref leiðbeiningar** um hvernig á að nota Menopur áfyllta lyfjapennan (þú getur líka fundið nákvæma lýsingu í leiðbeiningunum sem fylgir í pakkanum).



**Þú getur einnig hoft á kennslumyndband** sem þú finnur á þessari vefsíðu (eða með því að skanna QR-kóðann).

**[www.medicininstruktion.dk/ferring/menopur](http://www.medicininstruktion.dk/ferring/menopur)**



# Notkunarleiðbeiningar MENOPUR áfyllta lyfjapennans

## Fyrir notkun

- Þvoðu þér um hendurnar.
- Gakktu úr skugga um að þú sért með réttan lyfjapenna með réttum fjölda eininga (a.e./IU).
- Kannaðu fyrningardagsetninguna á merkimiða lyfjapennans.



## Undirbúningur fyrir notkun


- Notaðu alltaf nýja nál við hverja inndælingu.
  - Notaðu aðeins einnota nálarnar sem fylgja lyfjapennanum.
1. Dragðu pennahettuna af. Gakktu úr skugga um að lyfjapenninn sé óskemmdur og að lyfið sé tært og innihaldi ekki agnir. *Ekki nota lyfjapennann ef hann er skemmdur, inniheldur agnir eða ef lyfið í rörlýkjunni er ekki tært.*
  2. Dragðu hlífðarfilmuna af nálinni.
  3. Festu nálina á lyfjapennann. Þú munt heyra eða finna smell þegar nálina er vel föst.
  4. Dragðu ytri nálarhettuna af **en ekki henda henni því þú munt þurfa að nota hana síðar** (sjá „Förgun nálar“ á bls. 7).
  5. Dragðu innri nálarhettuna af og hentu henni.



## Fjarlægja loftbólur úr rörlykkjunni

- Áður en lyfjapenninn er notaður í fyrsta skipti þarftu að fjarlægja loftbólur úr rörlykkjunni (undirbúningur) til að fá réttan skammt af lyfinu.
- **Þú skalt aðeins undirbúa lyfjapennann í fyrsta skipti sem þú notar hann.** Hafi lyfjapenninn þegar verið notaður skaltu fara beint í kafla „Inndæling skammts“ á næstu síðu.



1. Snúðu skammtastillingum réttisælis þar til dropatákn  er við skammtavísinn. Leiðréttu má skammtinn upp eða niður án þess að glata lyfi með því að snúa skammtastillingum í hvora áttina sem er þar til skammtavísirinn vísar á réttan skammt.



2. Haltu lyfjapennanum þannig að nálin snúi upp.

3. Bankaðu með fingrinum á rörlykjuhylkið til að allar loftbólur í rörlykkjunni leiti í efsta hluta rörlykkjunnar.



4. Með nálina ennpá vísandi upp á við (frá andlitinu) skaltu þrýsta á inndælingartakkann alla leið þar til þú sérð töluna „0“ við skammtavísinn. Nú á dropi að sjáist á nálaroddinum.

**Ef enginn dropi sést** skaltu endurtaka ferlið frá skrefi 1 þar til dropi sést.

## Skammtur valinn

1. Snúðu skammtastillingum réttisælis þar til skammtavísirinn vísar á ávísaðan skammt í skammtaglugganum. **Til að auðvelda það að stilla pennan rétt, þá heyrst smellur þegar þú snýrð skammtamælinum.**



- Leiðrétta má skammtinn upp eða niður án þess að glata lyfi með því að snúa skammtastillingum í hvora áttina sem er þar til skammtavísirinn vísar á réttan skammt.
- **Ekki þrýsta á inndælingartakkann þegar þú snýrð til að fá skammt til að forðast að glata lyfi.**

## Inndæling með skiptum skammti

- Ef þú getur ekki snúið að fullum ávísaðum skammti í lyfjapennanum, þýðir það að ekki er nægilega mikið magn lyfs eftir í lyfjapennanum til að gefa fullan skammt.
- Þú munt þurfa gefa hluta af ávísaða skammtinum með því að nota lyfjapennann sem er nú þegar í notkun og afganginn af skammtinum með nýjum lyfjapenna.

A	B	C = A - B
Ávísaður skammtur	Afgangsskammtur í pennanum sem þú ert að nota núna (sést á skammtavísinum í skammtaglugganum)	Skammtur sem þú þarft að sprauta með nýjum penna
112,5	75	37,5

*Sjá einnig blaðsíður 22-23 í notendahandbókinni sem fylgir pakkanum!*

## Inndæling skammts

1. Haltu lyfjapennanum þannig að skammtagluggin sé sjáanlegur meðan á inndælingu stendur.
2. Klíptu húðina og stingdu nálinni beint inn í húðina eins og heilbrigðisstarfsmaðurinn sýndi þér. **Notaðu alltaf nýja nál við hverja inndælingu.**



**Ekki snerta inndælingartakkann strax.**

**Framhald á næstu síðu ►**

- ▶ 3. Eftir að nálinni hefur verið stungið inn skaltu setja þumalfingurinn á inndælingartakkann.
4. Þrýstu inndælingartakkanum alla leið inn og **haltu inni**.
5. Haltu áfram að þrýsta á inndælingartakkann. Þegar þú sérð töluna „0“ við skammtavísinn **skaltu bíða í 8 sekúndur** (teldu hægt upp að 8) og slepptu síðan takkanum.
6. Síðan skaltu fjarlægja nálina rólega úr stungustaðnum með því að draga hana beint út úr húðinni.

## Förgun nálar

1. Settu ytri nálarhettuna varlega yfir nálina og þrýstu ákveðið.
2. Skrúfaðu nálina af rangsælis til að taka hana af lyfjapennanum.
3. Fargaðu notuðu nálinni.



**Settu notuðu nálina í nálarílát strax eftir notkun.** Nálarílát fást í apótekinu (þú getur sem tímabundin lausn notað sterkt plastílát með þéttu loki). Ræddu við starfsfólk apóteksins, bæði um nálar og um Menopur áfyllta lyfjapennan, svo þú vitir hvernig á að farga nálum á réttan hátt.

## Mundu!

- Fjarlægðu alltaf nálina eftir notkun og fargaðu henni síðan, settu síðan nálarhettuna aftur á pennan og láttu hana vera á meðan pennin er ekki í notkun.
- Nálarnar eru eingöngu ætlaðar til einnota notkunar.

# MENOPUR - Öryggisupplýsingar

## Ekki má nota MENOPUR

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir menótrópíni eða einhverju öðru innihaldsefni MENOPUR
- ef þú ert með æxli í legi, eggjastokkum, brjóstum eða í hluta heilans eins og undirstúku eða heiladingli
- ef þú ert með vökvafylltar blöðrur á eggjastokkum eða stækkaða eggjastokka (sem er ekki af völdum fjölblöðrueggjastokkaheilkennis, PCOS, sem er hormónatrufun hjá konum)
- ef þú ert með einhverja galla á legi eða á kynfærum
- ef þú ert með blæðingar frá leggöngum af óþekktum orsökum
- ef þú ert með sléttvöðvahnúta (góðkynja æxli) í legi
- ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti
- ef tíðahvörf eru snemmkomin

## Varnaðarorð og varúðarreglur/Leitið ráða hjá læknum ef eitthvað af eftirfarandi kemur fram:

- verkur í kvið
- þaninn kviður
- ógleði
- uppköst
- niðurgangur
- þyngdaraukning
- erfiðleikar við öndun
- minnkuð þvaglát

Látið lækninn tafarlaust vita ef eitthvað af ofangreindu kemur fram, jafnvel þótt einkenni komi í ljós nokkrum dögum eftir að síðasta inndælingin hefur verið gefin. Þetta getur bent til ofvirkni eggjastokkanna sem getur verið alvarlegt.

Ef þessi einkenni verða alvarleg á að stöðva ófrjósemis meðferðina og veita viðeigandi meðferð á sjúkrahúsi.

Með ráðlögðum skammti og nákvæmu eftirliti með meðferðinni minnka líkurnar á því að einhver þessara einkenna komi fram.

## Algengar aukaverkanir sem koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 100 meðhöndluðum sjúklingum:

- Kviðverkir
- Höfuðverkur
- Ógleði
- Þaninn kviður
- Verkir í grindarholi
- Oförvun eggjastokka sem veldur mikilli virkni (OHSS)
- Viðbrögð á stungustað (t.d. verkur, roði, mar, bólga og/eða kláði)

Nánari upplýsingar má finna í fylgiseðlinum og notendaleiðbeiningum fyrir Menopur sem fylgja með pakkningunni og á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

